

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um endurgjald á brennivinstolli.* — Eptir að jeg hafði sent ráðgjafanum fyrir Ísland rannsóknargjörðir herra bæjarfógetans frá 29. nóvbr. og 1. desbr. f. á, um leka á 374 pottum brennivins úr 7 árum, er kaupmaður E. Siemsen í Reykjavík hafði meðtekið með póstskipinu í síðustu ferð þess í fyrra — hefir ráðgjafinn 13. f. m. samþykkt, að nefndum kaupmanni verði endurgoldinn tollur sá, sem hann hefir greitt fyrir tjeð brennivín, með 62 kr. 33 aur.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra bæjarfógeti, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar.

— *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um stjórn lækna sjóðsins.* — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 26. f. m. samkvæmt tillögum mínum samþykkt, að stjórn á eigum hins íslenska lækna sjóðs leggist undir landshöfðingja, að tekjurnar af spítalagjaldi því, er sjóðnum ber og af jörðum hans verði af hlutaðeigandi gjaldheimtumönnum greiddar beinlínis í jarðabókarsjóðinn — en reikningana skal senda landshöfðingja til að afhenda hlutaðeigandi endurskoðunarmanni, og að gjöld þau, er hvila á sjóðnum, greiðist beinlínis úr jarðabókarsjóðnum samkvæmt nánari skipun landshöfðingja; og öðlast breytingar þessar gildi 1. júlí þ. á.

Jafnframt því að tilkynna þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar, skal jeg þjónustusamlega mælast til þess, að stiptyfirvöldin hlutist til um, að fjármunir lækna sjóðsins verði afhentir mjer næstkomandi 1. júlí með reikningslegu yfrliti yfir tekjur og gjöld sjóðsins frá því að síðasti ársreikningur var gjörður, og tjái öllum gjaldheimtumönnum nauðsynlegar fyrirskipanir um að senda eptirleiðis landshöfðingja reikninga sína og að greiða gjöldin beinlínis í jarðabókarsjóðinn. Loksins vona jeg, að öllum skuldunautum sjóðsins verði tilkynnt, að þeir eigi eptirleiðis að greiða í jarðabókarsjóðinn bæði vexti og borgun upp í höfuðstól.

— *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um styrk handa stúdentum við háskólann í Kaupmannahöfn.* Eptir að ráðgjafinn fyrir kirkju og kennslumál ríkisins og ráðgjafinn fyrir Ísland höfðu skrifazt á um það, var meðal athugasemdanna við 1. útgjaldagrein «kommunitetsins» í frumvarpinu til fjárlaga fyrir 1876—77 gjörð tillaga um, að leyft verði að verja þeim 800 kr., er veittar eru stúdentum, sem hafa forgangsrjett til styrks, en eru umfram hina vanalegu tölu, (sbr. 2. gr. reglugjörðar 11. febr. 1848), þannig, að upphæð þessi yrði höfð í ölmusur, einnig handa íslenskum stúdentum, er 1. tölulíður 4. gr. reglugjörðarinnar yrði eigi heimfærður til, en samt væri sjerstök ástæða til að veita slíkan styrk, (og getur nefndur greinarlíður að eins um stúdentu þá, sem koma til háskólans, undir eins og þeir hafa leyst af hendi burtfararpróf við hinn lærða skóla Reykjavíkur). Þetta mun eptir því, er ráðgjafinn fyrir kirkju og kennslustjórnina hefir skýrt frá, nú geta átt sjer stað, þar sem ekki hefir verið fundið neitt að þessum athugasemdum, þá er fjárlögin voru röedd á ríkisþinginu.

Jafnframt því þjónustusamlega að tilkynna þetta samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Ísland frá 27. f. m. til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal jeg mælast til þess, að stiptyfirvöldin leggi fyrir forstöðumann hins lærða skóla í Reykjavík, að tjá á hverju ári lærisveinum þeim, er leyst hafa af hendi burtfararpróf, að, eins og bent var á, forgangsrjettur sá, sem veittur er hinum íslensku stúdentum með 1. líð 4. gr. reglugjörðarinnar

65 14. júní. frá 11. febr. 1848 til að fá «kommunitet» og «regenz», samkvæmt orðum hinnar nefndu ákvörðunar er bundinn við það skilyrði, að stúdentarnir komi til háskólans undir eins og þeir hafi lokið burtfararprófi skólans, og að «kommunitets» og «regenz»-ölmusum þeim, er losna 1. septembermán., er úthlutað í ofanverðum septembermánuði, þannig, að þeir stúdentar, er vilja vera vissir um, að tekið verði tillit til beiðni þeirra um að fá ölmusu frá 1. sept., verði að vera komnir á háskólann og hafa látið innskriða sig þar innan 15. septbr., og ber þeim þegar að tilkynna það prófastinum á «regenz»-gardi.

66 14. júní. — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um skurð á rekahvali m. m. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 27. f. mán. ritað mjer sem fylgir:

«Í þóknanlegu brjefi frá 17. febr. þ. á. hefir herra landshöfðinginn skýrt frá, að í janúarmánuði f. á. hafi rekið hval á jörð, er liggur undir Barðastranda og Álptafjarðarumbod, og á umbodid að eins $\frac{2}{3}$ rekans á henni en 3 kirkjur $\frac{1}{3}$, og að sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu Stefán Bjarnarson, er einnig er umbodsmáður nefnds umbods, hafi eigi látið samkvæmt rekabálki Jónsbókar og gamalli rjettarvenju skurðarmenn og þá, er hjeldu vörð á fjörunni, fá hlut af hvalnum þar á staðnum, en þar á móti gjört þá ákvörðun, að hvalinn, að svo miklu leyti hann tilfjelli umbodssjóðnum, skyldi selja á uppboði, og að skurðarmenn skyldu fá vinnu sína endurgoldna samkvæmt nánari reikningi, en af því hafi leitt, þar sem hluti umbodssjóðsins á uppboðinu að eins hafi verið seldur fyrir 134 kr. 66 aur. en útgjöldin hafi numid 255 kr. 97 aur., að komið hafi fram reikningshalli að upphæð 121 kr. 31 eyr. Herra landshöfðinginn hefir um þetta látið það álit í ljósi, að halli þessi hvað sem öðru líði, geti eigi fallið á umbodssjóðinn, og að kostnaðurinn við skurð m. m. á hinum umrædda hval því yrði ekki greiddur hlutadeigöndum samkvæmt reikningum þeirra nema að svo miklu leyti uppboðsandvirðið brykki til, og spyrjið þjer jafnframt, hvort ekki sje ástæða til, þar sem að uppboðsandvirðið verði að skoðast sem hið sanna andvirði hvalsins, að láta skurðarmenn að eins fá helming uppboðsandvirðisins, eins og þeir hefðu fengið helming hvalsins, ef honum hefði verið skipt á fjörunni, en láta hinn helminginn renna í umbodssjóðinn. Samkvæmt þessu hafið þjer lagt málið undir úrskurð ráðgjafans.

Fyrir þessa sök skal þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að með því að í þessu máli liggur fyrir samningur, sem sýslumaður Stefán Bjarnarson hefir gjört fyrir hönd umbodsins við hlutadeigandi skurðarmenn um að breyta útaf ákvörðun laganna um borgun þessara manna, getur ráðgjafinn ekki sjeð, að þeim verði neitað um að fá borgað úr umbodssjóðnum það, sem þeir kynnu að eiga fyrir skurð m. m. samkvæmt reikningum sínum, að svo miklu leyti sem þeir (reikningarnir) verði ekki settir niður með úrskurði amtsins, þrátt fyrir það, að hjer með yrði farið fram yfir uppboðsandvirðið, en að ráðgjafanum að öðruleyti geti ekki annað en mislíkað, hvernig Stefán sýslumaður Bjarnarson hefir farið með þetta mál, og þar við orsakað tjón fyrir landsjóðinn».

Þetta er tjáð yður herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Fylgiskjöl brjefs yðar frá 13. janúar þ. á. endursendast.

67

Ferðaáætlun

hins konunglega póstgufuskips milli Kaupmannabafnar, Færeyja og Íslands 1876.
Frá Kaupmannahöfn til Íslands.

Skipið fer frá Kaupmannahöfn.	Það leggur í fyrsta lagi á stað frá									A að koma til Reykjavíkur
	Granton.	Þórshöfn. á Færeyj.	Seyðisfirði.	Raufarhöfn.	Akureyri.	Skagaströnd.	Ísafirði.	Stykkishólmi.		
11. júní.	15. júní	18. júní	21. júní	23. júní	25. júní	26. júní	28. júní	29. júní	30. júní.	
11. ágúst.	15. ágúst	18. ágúst	21. ágúst	23. ágúst	25. ágúst	26. ágúst	28. ágúst	29. ágúst	30. ágúst	